

Sp. 496. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um lúkningu Laxárvirkjunar III.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að samkomulag náist um að ljúka Laxárvirkjun III við Brúar í Aðaldal.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er varð að hætta við lúkningu Laxárvirkjunar III fyrir nokkrum árum vegna ósamkomulags, sem um framkvæmd verksins stóð. Er þarflaust að rekja þær deilur hér. Lokaágreiningurinn stóð um það, hvort reisa mætti 20—22 m stíflu í Laxárgljúfrum ofan Brúa í Aðaldal, en ef svo fengist yrði virkjunin 10 mw stærri en nú er, auk þess sem framleiðsluöryggi virkjunarinnar ykist að miklum mun við það að fá nokkurt miðlunarlón ofan stíflunnar, en nú er einvörðungu um rennslisvirkjun að ræða. Fullbúin vatnsgöng eru fyrir hendi, einnig fullbúið stöðvarhús, en eina vélasamstæðu vantar, sem stöðvarhúsið var ætlað fyrir, miðað við fulllúkningu Laxárvirkjunar III. Með því að byggja stífluna og kaupa og setja umrædda vélasamstæðu niður fengist 10 mw raforkuaukning, sem væri langt undir kostnaðarverði nokkurrar annarrar 10 mw raforkuaukningar í landinu. Enn er svo að geta þess, að talsverður sandburður er inn á vélar Laxárvirkjananna eins og nú er, vegna þess að þær eru alfarið rennslisvirkjanir, og er því slit á vélunum meira en góðu hófi gegnir, t. d. er reiknað með allt að 6 vikna vinnu við upptöku og viðgerð véla í virkjununum í sumar komandi, en með tilkomu stíflu mundi sandburður árinna inn á vélar virkjananna stórum minnka, og þannig mundi allt gerast í senn við byggingu stíflunnar: raforkuframleiðslan ykist, stöðugleiki hennar yrði meiri og slit á vélum mundi minnka.

Íbúum á orkuveitusvæði Laxár er orðin gagnsemd umræddrar stíflugerðar ljósari með hverju árinu sem hefur liðið, og má því ætla að um mál þetta, lúkningu Laxárvirkjunar III, ætti að geta náðst heilshugar samkomulag, ef ríkisstjórnin beitti sér fyrir því af einbeiti og lagni. Eins og fyrr getur, er hér um langódýrustu og fljótíðvirkustu virkjunaraukningu að ræða sem völ er á, og þessi 10 mw aukning, sem þarna mætti fá, yki stórlega öryggi Norðlendinga og Austlendinga í raforkumálum, meðan beðið væri eftir stærri og umfangsmeiri virkjunum á öðrum stöðum.